

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 HÖFN

Garðabær, 6. mars 2024
Málsnúmer: 202401-0086
BK

Efni: Leiðarhöfði á Höfn - tillaga að nýju deiliskipulagi

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 24. janúar 2024, þar sem Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Leiðarhöfða á Höfn.

Tilgangur deiliskipulagsins er að móta heildstætt skipulag fyrir Leiðarhöfða sem eftirsóknarverðan áningarstað með fjölbreyttum dvalarsvæðum. Svæðið er tæplega 1 ha að stærð og afmarkast af Sandbakkavegi til austurs, Sandbakka 1 og 3 til norðurs og Hornafirðinum til vesturs og suðurs.

Uppbyggingin mun m.a. fela í sér leik- og dvalarsvæði ásamt hjóla- og göngustígum

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér tillöguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Stofnunin gerir engar athugasemdir við uppbyggingu uppi á Leiðarhöfða sjálfum enda um að ræða lítið svæði innan þéttbýlis sem auk þess hefur þegar verið raskað.

Fyrirhuguðum bryggjustíg í fjörunni gæti þó fylgt aukin truflun fyrir fuglalíf en í greinargerð kemur fram að fuglar séu í ætisleit allt í kringum höfðann árið um kring og að vaðfuglar sæki í leirurnar. Þá mun stígurinn einnig breyta ásýnd svæðisins töluvert auk þess sem hafa ber í huga að leirur njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013. Æskilegt væri því að endurskoða þennan hluta skipulagsins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

